

81

|   | Flutt: kr. |         |
|---|------------|---------|
| 3. Til amtsbókasafnsins . . . . .   | —          | 200,00  |
| 4. Til kvennaskólans í Reykjavík . . . . .  | —          | 100,00  |
| 5. 4. afborgun upp í og vextir af bankaláni frá<br>25/6 95 . . . . .  | —          | 543,33  |
| 6. 1 Afborgun upp í og rentur af bankaláni frá<br>14/11 96 . . . . .  | —          | 1120,00 |
| 7. Ferðakostnaður . . . . .   | —          | 200,00  |
| 8. Ýmislegt . . . . .   | —          | 200,00  |
| 9. Eptirstöðvar . . . . .   | —          | 1000,00 |
|   |            | 4563,33 |
| 32. Amsráðið ályktaði að borga 25 kr. sem fundarhútleigu.<br>Feiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.<br>Íslands Vesturamt, Reykjavík 19. júní 1897. |            |         |

*J. Havsteen.*

82

16. júní **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Barðsprestakalli til húabyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi 29. f. m. vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Barði í Fljótum, síra Tómas Björnsson, taki allt að 1500 króna embættislán, er mun geta fengizt úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, til að gjöra á staðnum íbúðar- og geymsluhús úr timbri, 14 álna langt og 8 álna breitt, með járnþaki og með svo háu portí, að loptið geti algjörlega notazt til íbúðar, og með manngengum kjallara undir helmingi hússins. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að lánið verði borgað af tekjum prestakallsins á 25 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með  $\frac{1}{25}$  hluta lánsins á ári auk vaxta, að húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, að kjallarinn sje gjörður úr velhlöðnu steinlímdu grjóti, að, ef veggir eru hafðir á 3 vegu uppundir glugga, þá sje þeir úr steinlímdu vel lögðu grjóti, að járnþakið sje lagt ofan á súð úr plægðum bordum, þumlungs þykkum að minnsta kosti og, að það sje nægilega skarað og vandlega neglt, að klætt sje utan á binding með plægðum eða listuðum bordum og vandlega troðið með hentugu efni til skjóls á milli ytra byrðis og þilju, að húsið sje vel málað að utan og innan, að því fylgi nauðsynlegir ofnar og eldavjel, að niðurskipun herbergja sje eptir því, sem prófastur álitur hentugast og samþykkir, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 kr., að síðari helmingur lánsins útborgist ekki fyrr en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð, að húsið sje að öllu fullgjört og hinum settu skilyrðum fullnægt, að hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda megi þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, göng, bæjardyr, stofa og skemma og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.